

L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 17
10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. málsg. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábyrgðarheimild sú, sem fjármálaráðherra er veitt í 2. málsg., skal hækka um 400 milljónir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um, að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðiljum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

2. gr.

Nú takast samningar um gjaldheimtu samkvæmt 1. gr., og skal þá samið um hlutdeild hvers aðilja í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

3. gr.

Allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til þess að framfylgja gjaldheimtunni, skulu falla til þess aðilja, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

4. gr.

Heimilt er að samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda, sem innheimt verða með þessum hætti, setja sameiginleg ákvæði um dráttarvexti, vangreiðslu á hluta gjalda, fyrirframgreiðslu, skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupi fyrir opinberum gjöldum og annað það, er einvörðungu lýtur að innheimtu gjalda. Nánari ákvæði um þetta má setja í reglugerð.

5. gr.

Sé sjúkrasamlag aðili að innheimtu, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs, samkv. 58. gr. laga nr. 24 frá 1956, um almannatryggingar, sbr. 21. gr. laga nr. 13 frá 1960, miðast við innheimtar tekjur samlagsins, eins og þær verða samkvæmt samningi aðilja um innheimtuna.

Í samþykktum slíks samlags má ákveða:

1. Að iðgjald hjóna skuli krafið í einu lagi.
2. Að víkja frá reglum 78. gr., sbr. 50. og 51. gr. almannatryggingalaga um greiðslufrest iðgjalda og viðurlög við vangreiðslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Aðstöðugjald.
- c. Framlög úr Jöfnunarsjóði. (Hluti af söluskatti og landsútsvör).
- d. Útsvör.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna, samkvæmt 1. gr., hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o. fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.